

Dalabyggð
B.t. Sveitarstjórnar
Stjórnsýsluhús Dalabyggðar
Miðbraut 11
370 Búðardal

10. september, 2020

Efni: Beiðni Skipulagsstofnunar um frestun á auglýsingu á breytingu aðalskipulags

Ágæta sveitarstjórn og umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar,

Enn og aftur sjáum við bræður okkur ekki fært annað en að bera hönd fyrir höfuð okkur þegar vegið er að stjórnarskrárbundnum rétti okkar til að skapa okkur atvinnu á okkar eigin landi.

Enn og aftur er það Skipulagsstofnun sem virðist ekki skilja að fyrirtæki landins, sem stofnuð eru og rekin af fólkinu í landinu þurfa að afla sér tekna. Ólíkt ríkisstofnunum eru fyrirtæki landsins ekki á fjárlögum svo ef þau geta ekki aflað sér tekna verða þau gjaldþrota. Grunnforsenda þess að hægt sé að stofna og reka fyrirtæki eru landslög sem eru virt – ekki síst af stofnunum ríkisins. Skipulagsstofnun virðist ekki gefa mikið fyrir slíkt. Ekki einasta virða þau lögbundna skilafresti ítrekað að vettugi heldur virðist stofnunin ekki víla fyrir sér að fara út fyrir lögbundið valdsvið sitt og ætla sér að hlutast til um mál sem liggja þar utan.

Dæmi um þetta er bréf þeirra til sveitarstjórnar Dalabyggðar dagsett 4. september 2020. Í bréfinu fer stofnunin þess á leit við sveitarstjórn að hún „...bíði með að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingu þar til tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu hefur verið lögð fram til kynningar...“.

Í 3. mgr. 30 gr. skipulagslaga segir: *Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar.*

Þetta er lögbundið hlutverk stofnunarinnar í þessu máli á þessu stigi þess – að gæta þess að tillagan fullnægi settum kröfum um aðalskipulag. Hvorki í skipulagslögum né skipulagsreglugerð er að finna nokkra heimild fyrir því að Skipulagsstofnun fari fram á við sveitarstjórn að hún bíði með afgreiðslu aðalskipulagsbreytingar vegna þess að verið sé að vinna að plaggi sem kemur út einhverntíman í framtíðinni og gæti mögulega haft (afturvirk) áhrif á aðalskipulagsbreytinguna.

Skipulagsstofnun lék svipaðan leik með matsáætlun okkar fyrir Storm I verkefnið. Þegar stofnunin hafði – að því er virtist – tafið málið í heilt ár (lögbundinn skilafrestur stofnunarinnar er fjórar vikur)

til að bíða eftir niðurstöðum úr vinnu vinnuhóps þriggja ráðuneyta um tengls vindorku við rammáætlun, sáum við okkur ekki annað fært en að kæra málið til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Úrskurðarnefndin úrskurðaði Storm Orku í hag og Skipulagsstofnun skilaði álitinu skömmu seinna.

Þessi ósk stofnunarinnar um enn frekari frestun á afgreiðslu þessa máls á sér enga stoð í lögum og förum við fram á að henni verði hafnað tafarlaust.

Í ljósi þeirra gríðarlegu tafa sem þegar hafa orðið á afgreiðslu þessa máls förum við þess enn frekar á leit við sveitarstjórn að afgreiðsla málsins verði hér eftir sett í forgang og flýtt sem mögulegt er - innan marka laganna.

Með virðingu og þökk,



Sigurður E. Jóhannesson



Magnús B. Jóhannesson